ALDA Asset Management

# GLEQ 13 1

*Skuldabréf tengt þróun á heimsvísitölu hlutabréfa (e. „equity linked note")*

## Útgefandi:

Útgefandi er AAM GLEQ, fagfjárfestasjóður en rekstraraðili sjóðsins er ALDA sjóðir hf. Tilgangur sjóðsins er að halda utan um eignir til greiðslu á skuldabréfinu. Endurgreiðsla skuldabréfsins er þannig að upphaflegur höfuðstóll greiðist til baka í íslenskum krónum að viðbættri hækkun hlutabréfavísitölukörfu sem greiðist út í USD. Heimild er frá Seðlabanka Íslands fyrir útgáfunni.

## Helstu atriði:

| | |
|---|---|
| **Auðkenni:** | GLEQ 13 1 |
| **Útgáfudagur:** | 22. október 2013 |
| **Lokadagur:** | 25. október 2016 |
| **Upphafsgildi:** | Dagslokagildi við útgáfu |
| **Lokagildi:** | Meðaltal dagslokagilda vísitölu þann 19.júlí, 19.ágúst, 19.september og 19.október 2016 |
| **Heimild:** | Heimild frá Seðlabanka Íslands |
| **Þátttaka:** | 115% |
| **Skráning:** | Tekin til viðskipta á Nasdaq OMX Iceland í febrúar 2014 |

## Helstu kostir:

- Aðgengi að erlendum hlutabréfamörkuðum með litlu framlagi gjaldeyris
- Nýr fjárfestingarkostur sem býður uppá ávöxtun sem er tengd við þróun á erlendum hlutabréfamörkuðum
- Upphaflegur höfuðstóll varinn gegn lækkunum á erlendum hlutabréfamörkuðum
- Skuldaraáhætta takmörkuð með sértryggðum skuldabréfum

## Greiðsla á lokagjalddaga:

Greiðsla á lokagjalddag er í tvennu lagi, annars vegar höfuðstóll í ISK og hins vegar hækkun vísitölukörfu í USD. Ef hlutabréfavísitala lækkar greiðist höfuðstóll til baka og er fjárfestir því varinn fyrir lækkun.

| | |
|---|---|
| 100% ISK + 115%*(hækkun í USD), | ef vísitala hækkar |
| 100% ISK, | ef vísitala lækkar |

## Samsetning undirliggjandi körfu:




## Þróun undirliggjandi vísitalna:




*Bloomberg auðkenni. Tímabil frá 22.10.13 til 31.12.13*

## *Hafa samband:*

ALDA sjóðir hf.
Borgartúni 27
www.aam.is
aam@aam.is
s. 510-1080

## *Fyrirvari:*

*Fjárfestingu í skuldabréfum útgefnum af fagfjarfestasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Virði skuldabréfa getur rýrnað, aukist eða staðið í stað. Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útgáfulýsingu og reglur sjóðsins þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og skilmála. Umfjöllun þessi er aðeisn birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. ALDA sjóðir hf. kt. 560409-0790, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa– og fjárfestingarsjóða og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.*